

Ásgarði 30. apríl 2021

**Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal**

Efni: Ósk um ítarlegri gögn varðandi 64 ha. skógræktarsvæði í landi Ásgarðs.

Með tölvupósti 16. febrúar sl. var Skugga-Sveini ehf. kynnt afgreiðsla sveitarstjórnar Dalabyggðar á umsókn hans um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar frá 19. ágúst 2020. Þar er óskað eftir ítarlegri gögnum frá framkvæmdaraðila, m.a. með tilliti til ásýndar á 64 ha. skógræktarsvæði.

Hugmynd um skógrækt í Ásgarði er nokkurra ára gömul en vegna umræðu um skógrækt í aðalskipulagi Dalabyggðar og flokkun landbúnaðarlands var beðið með að senda inn umsókn þar til það atriði hafði fengið afgreiðslu í mars 2020.

Tilgangur skógræktar í Ásgarði er að byggja undir fjölbreyttari atvinnustarfsemi jarðarinnar á komandi árum. Í atvinnustarfsemi komandi ára og áratuga þarf að hafa gildi sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Hana má skilgreina á marga mismunandi vegu en þetta orðatiltæki frá Kenýa lýsir inntaki sjálfbærrar þróunar vel:

Við höfum ekki fengið jörðina til eignar frá foreldrum okkar. Við höfum fengið hana að láni frá börnunum okkar. Við skulum reyna að hegða okkur í samræmi við þetta.

Til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar eru til nokkrar leiðir en Skugga-Sveinn ehf. velur skógrækt þar sem hún skilar tekjum þegar þarf að fara vinna skógarafurðir ásamt því að styðja við aðra atvinnustarfsemi á jörðinni. Í tilviki Ásgarðs er stefnan sett á bæði beitarskóg og nytjaskóg með það að markmiði að framleiða timbur. Beitarskógur styður vel við sauðfjárrækt en með honum verður bæði til skjól og eins lengra beitartímabil á næringarríkum gróðri.

Á undanförnum árum hefur umræða um loftlagsmál farið vaxandi og mun aukast á næstu árum enda hafa stjórnvöld skuldbundið sig til ýmissa aðgerða. Á vef Hagstofu Íslands er hægt að nálgast upplýsingar um loftlagsbókhald Íslands. Losun vegna landbúnaðar var árið 2018, 634.970 tonn CO₂ ígildi og losun vegna landnotkunar 9.009.760 tonn CO₂ ígildi. Heildarlosun landsins sama ár var 13.866.710 tonn CO₂ ígildi. Losun vegna landbúnaðar og landnotkunar eru því 69,5% af losun landsins í heild.

Stjórnvöld stefna á 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 frá viðmiðunarárinu sem er 1990¹. Árið 1990 var heildarlosun landsins 13.076.410 tonn CO₂ ígilda og hlutur landbúnaðar og landnotkunar 76,6%. Hlutur landbúnaðar og landnotkunar hefur því dregist saman á sama tíma og losun Íslands hefur aukist um 6%. Því er verk að vinna ef á að draga úr losun um 55% á næstu 9 árum. Deilt hefur verið um hvort losun frá landi (LULUCF) eigi að teljast með en Ísland hefur staðfest Evrópureglugerð 2018/841 sem tekur losun frá landi (LULUCF) með í heildarpakkann en innleiðing

¹ <https://www.ruv.is/frett/2020/12/10/stefna-ad-55-prosenta-samdraetti-i-losun>

reglugerðarinnar er ekki hafin². Breytt landnotkun mun því hafa mikið vægi í aðgerðum tengdum loftlagsmálum.

Árið 2020 var „Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020-2030“³ samþykkt á búnaðarþingi Bændasamtaka Íslands. Í henni er stefnt að kolefnishlutleysi landbúnaðar árið 2030 án losunar frá landi (LULUCF). Þar segir:

Skógur bindur 5-20 tonn af CO₂ á ha. árlega, allt eftir tegundum og vaxtarskilyrðum. Skógrækt ætti að vera fyrsti kostur þegar kemur að aðgerðum til að binda kolefni. Til þess að kolefnisjafna íslenskan landbúnað þarf að planta um 60.000 ha. af blönduðum skógi á tímabilinu 2020-2030. Þetta samsvarar 6.000 ha. á ári, eða 2 ha. á hvert lögbýli í byggð.

Aðrar aðgerðir sem nefndar eru í umhverfisstefnunni til bindingar kolefnis eru landgræðsla og endurheimt votlendis. Ef kolefnisjöfnun þarf einnig að ná til losunar frá landi (LULUCF) er um mun umfangsmeiri aðgerðir að ræða en koma fram í „Umhverfisstefnu landbúnaðarins 2020-2030“.

Í grein Arnórs Snorrasonar og Sigríðar Júlíu Brynleifsdóttur, „Áhrif fjórföldunar nýskógræktar á Íslandi á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda“⁴ má finna yfirlit yfir árlega meðalbindingu CO₂ í tonnum á ha. eftir mismunandi trjátegundum, grósku lands og lengd vaxtarlotu trjátegundar. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þrjár tegundir:

	<i>Gróska lands</i>	<i>Vaxtarlota ár</i>	<i>Meðalbinding t CO₂/ha ár</i>
Alaskaösp	Mikil	30	23,2
	Meðal	38	16,2
	Lítill	49	8,0
Sitkagreni	Mikil	60	10,5
	Meðal	67	8,3
	Lítill	71	6,5
Birki	Mikil	59	3,4
	Meðal	64	3,1
	Lítill	66	2,7

Skilgreining á gróskumiklu landi skv. þessari töflu er framræst votlendi líkt og fyrirhugað skógræktarsvæði í Ásgarði. Út frá sjónarmiðum umhverfismála með það markmið að ná fram kolefnisbindingu liggur beinast við að nota sem mest af ösp ásamt barrtegundunum greni, lerki og furu í skógræktinni. Ásamt kolefnisbindingu verður einnig til timbur í lok vaxtarlotu í ræktuðum skógi.

Í ritinu „Horft fram á við“⁵ kemur fram að 160.000 m³ af viðarafurðum voru að meðaltali fluttar til landsins á ári á árunum 1999 til 2018. Ef Ísland myndi vilja vera sjálfbært varðandi timbur til úrvinnslu þyrftu um 80.000 ha. af timburskógi að vera vaxa upp hverju sinni og þá þyrfti um 1.000 ha. að vera tilbúnir á hverju ári til nýtingar.

² <https://gagnagrunnur.ees.is/32018r0841>

³ http://www.bondi.is/files/final_umh1_2020-2030lagad.pdf

⁴ <https://www.skogur.is/static/files/Skogarkolefni/ahrif-fjorfoldunar-a-losun-og-bindingu.pdf>

⁵ <https://www.skogur.is/static/files/utgafa/Horft-fram-a-vid.pdf> (bls. 22-24)

Árið 2019 voru gerðar álagsprófanir á mismunandi gerðum af límtré úr íslenskum við þar sem fram kom að alaskösp er sterkust⁶ ⁷. Nýlega fékk íslenskt sitkagreni vottun til framleiðslu á límtré í mannvirkjagerð⁸.

Skipulögð skógrækt til timburframleiðslu skilar einnig tekjum en í nýbirtri grein „*Skógur er verðbréf – skógur er fjárfesting*“⁹ kemur fram að nettótekjur af skógrækt í lok vaxtarlotu sé tæpar 4,2 milljónir á hvern hektara lands. Lengd vaxtarlotu ræðst svo af tegund og grósku þess lands sem á að gróðursetja. Á umræddu skógræktarsvæði í landi Ásgarði væri möguleiki að ná þremur vaxtarlotum á einni öld með ösp. Í gögnum sem skilað var inn í ágúst 2020 kom fram að ekki yrði plantað í allt svæðið enda hluti þess of blautur til skógræktar. Ef við gefum okkur að hægt sé að planta ösp í 65% af svæðinu gæti það gefið af sér rúmar 500 milljónir í formi viðarafurða á einni öld.

Skógrækt á 134 ha. svæði í landi Ásgarðs gerist ekki á einu ári. Hún er hugsuð sem langtímaverkefni og ef vel gengur gæti svæðið verið fullgróðursett eftir 20-25 ár. Svæðið í umsókninni er valið m.t.t. þess að aðgengi að því er allt innan landareignar Ásgarðs og hefur ekki áhrif á rekstrarleiðir sauðfjár utan jarðarinnar. Framleiðsla skógarplatna er takmarkandi þáttur nýskógræktar í dag og getur haft áhrif á framgang verkefnisins. Tilgangur skógræktar í Ásgarði er að renna styrkari stoðum undir þann búrekstur sem þar er stundaður í dag, t.d. með skjóli fyrir búfé, beit í skógarbotni ásamt kolefnisbindingu á móti þeirri losun sem verður á búinu í dag. Hún er ca. 223 tonn CO₂ á ári skv. líkani Umhverfissráðgjafar Íslands frá árinu 2017.¹⁰

Á 200. fundi sveitarstjórnar þann 10. desember 2020 var staðfest bókun frá 110. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar. Þar segir:

Nefndin samþykkir erindið með tilliti til nýrrar flokkunar á landbúnaðarlandi í drögum að endurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, en landið fellur undir flokk II og III samkvæmt þeirri skilgreiningu. Einnig þarf að grenndarkynna framkvæmdina fyrir aðliggjandi jörðum og leita eftir umsögnum frá viðeigandi stofnunum.

Í ljósi þessarar afgreiðslu má skilja að fullnægjandi gögnum hafi verið skilað og því vekur afgreiðsla á 202. fundi sveitarstjórnar athygli þar sem gerð er krafa um ítarlegri gögn. Hér að framan eru skógræktaráformin rökstudd betur varðandi gildi skógræktar en undirritaður getur ekki orðið við beiðni um ítarlegri gögn varðandi ásýnd.

Fyrir því eru tvær ástæður, önnur er sú að forsenda slíkrar vinnu er ræktunaráætlun fyrir svæðið. Skógræktin leggur ekki í kostnað við gerð ræktunaráætlunar nema fyrir liggi framkvæmdaleyfi. En þó fyrir lægi ræktunaráætlun væri ekki hægt að fullyrða að ásýnd yrði með þeim hætti sem stefnt væri að, því ræktunarframvinda er t.d. háð framboði á skógarplöntum sem hefur verið takmarkandi þáttur við nýskógrækt undanfarin ár.

Hin ástæðan er sú að krafa um frekari gögn samræmist ekki meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga sé horft til afgreiðslu annarra umsókna um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar í Dalabyggð á síðustu mánuðum.

⁶ <https://www.bbl.is/frettir/alaskaosp-sterkust-af-islenskum-vidi>

⁷ Myndband – álagspróf <https://www.youtube.com/watch?v=RLjiYI5mQqI>

⁸ <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir/islenskt-sitkagreni-vottad-til-framleidslu-a-limtre>

⁹ https://issuu.com/bbl.is/docs/timarit_baendabladsins_2021_hq (bls. 82-83)

¹⁰ https://saufte.is/images/Kolefnisspor_Sau%C3%B0f%C3%A9_Environice_171023.xlsx

Líkt og kom fram í umsókn um framkvæmdaleyfi 19. ágúst sl. verður tekið tillit til ásýndar frá Magnússkógum 3 við gerð ræktunaráætlunar. Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 23/2020 kemur skýrt fram að samþykki nágrannajarða vegna skógræktar eigi sér ekki lagalegar forsendur. Tilgangur grenndarkynningar getur varla verið sá að umsagnaaðilar geti stöðvað framkvæmdir.

Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum¹¹ frá júní 2020 segir:

Skógrækt verður eflað til að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti og efla á sama tíma lífríki. Sérstök áhersla verður lögð á aðgerðir á landi sem losar kolefni úr jarðvegi.


Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu¹² er lögð áhersla á framfylgt sé landsáætlun í skógrækt við skipulagsgerð. Í landsáætlun um skógrækt er lögð rík áhersla á skógrækt til kolefnisbindingar með tilliti til loftlagsvænni landbúnaðar.

Þar sem Dalabyggð er stjórnvald og falið skipulagsvaldið skv. skipulagslögum vaknar sú spurning hvernig sveitarfélagið ætlar að framfylgja samdrætti gróðurhúsalofttegunda í samræmi við Parísarsamkomulagið frá 2015 og skuldbindingar Íslands þar að lútandi.

Vissulega deila menn um ýmsar forsendur útreikninga varðandi kolefnisbindingu en allar aðgerðir í þágu loftlagsmála eru góðar aðgerðir. Þegar forsendur útreikninga verða til lykta leiddar telja þær ýmist meira eða minna – versti kosturinn er að gera ekki neitt.

Almannahagsmunir og hagsmunir Skugga-Sveins ehf. til að styrkja búrekstur sinn með skógrækt og kolefnisbindingu ættu að vega þyngra en ásýnd lands.

Með von um jákvæða afgreiðslu framkvæmdaleyfis skógræktar á umræddu 64 ha. svæði.
f.h. Skugga-Sveins ehf.



¹¹ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

¹² <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/LSK-21-tillagaSkst-til-radherra.pdf>